

# Hér birtist þingsályktun um Manneldis- og neyslustefna Íslendinga eins og hún var samþykkt á alþingi árið 1989

1988--89. -- 1058 ár frá stofnun Alþingis.  
111. löggjafarþing. -- 402 . mál.

Sp.

## 1316. Þingsályktun um manneldis- og neyslustefnu.

(Afgreidd frá Sp. 19. maí.)

Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990--2000 að ná fram meginmarkmiðum í þeirri manneldis- og neyslustefnu sem heilbrigðisráðuneyti og manneldisráð

hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott.
- Að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamspýngd.
- Að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna.
- Að hvíta (protein) verði áfram rífleg í fæðu landsmanna.
- Að dregið verði úr neyslu á fitu, einkum mettuðum fituefnum.
- Að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis.

Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

- a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvæla skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
- b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.
- c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
- d. Að efla nám í matvælaiðn, menntun kennara í heimilisfræðum og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta og veitingastaða.
- e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á hollu fæði í skólunum.
- f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
- g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.
- h. Að draga úr notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
- i. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.
- j. Að heilbrigðisráðherra láti gera neyslukönnun sem feli í sér heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar ofangreindum aðgerðum í manneldismálum (liðir a--h).
- k. Að niðurstöður neyslukönnunar skv. j-lið verði hafðar til hliðsjónar við mótun

áætlunar um hlutdeild innlendar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til hagkvæmni, nýtingar á innlendum aðföngum og öryggis við öflun matvæla.

l. Að efldar verði innlendar rannsóknir á matvælum, næringu og heilsu.

m. Að stefna í manneldis- og neyslumálum verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Alþingi felur heilbrigðisráðuneytinu að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti